

# Fréttabréf haust 2011

Sæl kærur foreldrar ☺

Við á Gleðilundi höfum ákveðið að setja saman í eitt fréttabréf til þess að sýna hvað við höfum gert margt skemmtilegt í haust.



Í ágúst bauð Þórdís okkur í heimsókn til sín og bauð okkur uppá samlokur og kökur. Þar fengum við að skoða heimilið hennar og leika okkur á trampolíninu í garðinum hjá henni. Þetta var mikið fjör og ævintýri. Skemmtilegt var að ferðast með strætisvagninum inn í Reykjavík og sjá heimilið hennar Þórdísar. Hér fyrir ofan má sjá mynd af þeim á leiðinni.

Við lærðum mikið um náttúruna og hvað við getum gert til að vernda náttúruna. Við týndum rusl, flokkuðum í sundur hvað af ruslinu er endurvinnanlegt. Í hópastarfi gerðum við tilraun með niðurbrot rusls í náttúrunni. Hvert barn valdi sér eitt rusl og setti það undir spýtu úti í garði. Við kíkjum svo reglulega á það og athugum hvað er að gerast með það. Við erum



búinn að setja upp tvær moltutunnur, þar sem við setjum allan ávaxta og grænmetis úrgang. Einnig erum við með þrjár fötur úti í garði með grænmetis og ávaxtaúrgagni þar sem við erum að gera tilraun með hvernig það brotnar niður. Við erum komin langt með að búa til alveg hræðilega ljótt (flott) ruslaskrímsli úr ruslinu sem við höfum týnt úti.

Við fórum í skemmtilegar vettvangsferðir um allt Kórahverfi. Við fórum að heimilum allra barnanna og tókum mynd af þeim fyrir framan húsið sitt. Einnig bjuggum við til hverfið okkar á maskínupappír. Síðan föndruðum við húsið okkar og límdum á hverfið okkar.



7. október vorum við með bleikan dótadag. Börnin voru hvött til þess að koma í bleikum fötum til þess að vekja fólk til umhugsunar um brjóstakrabbamein. Börnin komu einnig með dót í leikskólann og léku sér með það nánast allan daginn. Við vorum rosalega ánægðar með krakkana því þau voru svo dugleg að skiptast á dótinu sínu og leyfa öðrum að prófa sitt dót.



Í byrjun október fóru krakkarnir með Hönnu Sóleyju og íþróttافرæðinemunum hennar í Kórinn að sprikla. Þau lentu í þessu líka svaka “fína” veðri og voru bílar sendir í Kórinn til að sækja þau ☺



Slökkviliðið kom í heimsókn til okkar í haust og kenndi okkur ýmislegt um brunavarnir og hvað við ættum að gera ef það kæmi eldur. Við fengum líka að fara inn í sjúkrabílinn og skoða okkur um. Slökkviliðið er í samstarfi við alla leikskóla og verkefnið heitir Logi og Glóð. Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins heimsækir elstu börnin í leikskólunum á svæðinu árlega til þess að fræða börnin og fjölskyldur þeirra um eldvarnir. Slökkviliðsmennirnir hafa slökkviálfana Loga og Glóð sér til halds og trausts í þessum heimsóknum en þau eru sérstakir aðstoðarmenn slökkviliðsins í verkefninu. Hafa heimsóknirnar mælst vel fyrir. Tilgangur þeirra er einnig að tryggja traustar eldvarnir í leikskólunum sjálfum í, samvinnu við starfsfólk.



27. október var haldið upp á Alþjóðlega bangsadaginn með því að bjóða börnum og kennurum að koma í náttfötum og með bangsa með sér. Það var mikið fjör og allir krakkarnir sögðu eitthvað frá sínum bangsa. Eftir hádegi vorum við síðan með náttfataball og í kaffinu fengum við síðan Þórdísi í heimsókn til okkar. Það var rosa gott að sjá hana. Þessi dagur var æðislegur.




Þann 1. nóvember fórum við í heimsókn á bókasafnið, þar sem Katrín las fyrir okkur skemmtilega bók sem heitir *Ég er sterkastur*, við fengum líka að skoða okkur um á bókasafninu og skoða bækur. Okkur finnst rosalega skemmtilegt að fara á bókasafnið og skoða bækur en börnunum finnst líka mjög skemmtilegt að fara í strætivagnaferð.



8. nóv fórum við í roki og rigningu í gönguferð í Boðarþing. Þar vorum við búin að ákveða að hafa smá söngstund fyrir eldri borgara á Hrafnistu. Veðrið var búið að vera að stríða borgarbúum um nóttina og morguninn en það var orðið ágætis veður þegar við lögðum af stað. Við vorum búin að æfa okkur að syngja fjölmörg gömul og góð íslensk lög og við vöktum mikla lukku meðal íbúa á Hrafnistu. Til dæmis lögin *Á íslensku má alltaf finna svar*, *Í Hlíðarendakoti* og *Fimmeyringurinn*. Þau báðu okkur að koma aftur rétt fyrir jólin og við ætlum að athuga hvort það sé ekki bara hægt 😊



Á degi íslenskrar tungu þann 16. nóvember gerðum við ýmislegt skemmtilegt. Eftir ávaxtastundina var haldin sameiginlega söngstund fyrir allan leikskólann og þá var lögð sérstök áhersla á gömul og gild íslensk lög. Þar voru krakkarnir á Gleðilundi fenginn til þess að standa og syngja því þau sungu svo ofboðslega fallega. Við fengum síðan hrós frá aðstoðarleikskólastjóra fyrir einstaklega flottan song. Síðan fengum við heimsókn frá 7. bekk í Hörðuvallaskóla. Krakkarnir lásu fyrir okkur sögur. Það er gaman að segja fá því að í þeim hóp var Oddur bróðir hans Ragnars Fannbergs og hann las fyrir okkur. Í einum hópnum voru lesnar Disney kvöldsögur en í hinum hópnum var lesin saga um systurnar Snúðru og Tuðru.



Alla föstudaga er svokallað Stórali. Börnin á Gleðilundi eru vön svokölluðu vali þar sem þau velja sér viðfangsefni sem er í boði og eru þar í ca 30-45 mín á hverjum stað. Stóra valið er alltaf á föstudögum um hálf tíu og er fram að hádegismat. Þá sameinast þau öllum 2007 börnunum sem eru af þremur deildum á gula gangi. Í boði eru holukubbar, hreyfisalurinn, ævintýralundur, draumalundur inni á Gleðilundi ásamt borðvinnu á Gleðilundi og frammi á bláa gangi.

Framundan hjá okkur er margt skemmtilegt. Þar á meðal ætlum við að reyna að fara til Þórdísar í þessari viku, en eins og flestir vita þá komumst við ekki í seinustu viku. Einnig erum við að fara að byrja á jólagjöfunum og við erum að vinna í því að fara í aðra heimsókn á Hrafnistu. Annars ætlum við að vera dugleg að ganga um fallega hverfið okkar og skoða jólaljósin þegar þau koma í gluggana. Og eiga notalegar aðventustundir saman. Einnig verður bókunardagur í næstu viku fyrir foreldrakaffið sem verður 7. desember og jólaball í Hörðuvallaskóla. Það verður mikið fjör hjá okkur.

Endilega hafið samband ef það er eitthvað☺

Kveðja Krístrún, Katrín og Hildur Ýr.

